

NÝSVEINAR Í HÓFI FIT



Í lok ágúst var 49 iðnnemum afhent sveinsbréf í hófi sem haldið var þeim til heiðurs í Akoges-salnum í Reykjavík. Nýsveinarnir komu af höfuðborgarsvæðinu og Suðurlandi.

Félag iðn- og tæknigreina (FIT) stóð að hófinu ásamt meistarafélögunum og Bílgreinasambandinu, en innan vébanda FIT eru málaraar, bíliðnamenn, blikksmiðir, garðyrkjumenn og húsasmiðasveinar á Suðurlandi og Hafnarfirði og málmiðnaðarmenn á Akranesi. Af nýsveinunum 49 á félagssvæðinu luku 15

iðnnemar sveinsprófi í húsamálun, 4 í blikksmiði, 6 í bifvélavirkjun, 7 í bílasmíði, 7 í bílamálun og 10 í húsasmiði á Suðurlandi.

Hilmar Harðarson formaður FIT ávarpaði nýsveinana og lagði í máli sínu áherslu á að sveinsprófið væri fyrsti áfanginn á þeirri leið að verða hæfur iðnaðarmaður. Hann hvatti nýsveinana til að sækja sér viðbótarmenntun og minnti þá á hin fjölmörgu tækifæri sem biðu þeirra á því sviði, og sérstaklega á öflugt endur- og símenntunarstarf sem sveinafélögin standa að ásamt meistarafélögunum.

Kjarasamningar

Viðræður milli Reykjavíkurborgar og samninga-nefndar Samiðnar eru hafnar að nýju. Einnig er hafinn undirbúningur kjarasamninga við Alcan á Íslandi, Norðurál hf., Sementsverksmiðjuna og Íslenska járnblendið.

Þjónustuskrifstofur FIT

Félagið er með þrjár þjónustuskrifstofur.

Reykjavík: Borgartúni 30,
opið frá kl. 8-16 s: 535 6000.

Selfossi: Austurvegi 56, s: 480 5000.

Akranesi: Kirkjubraut 40, s: 431 2380.

BREYTINGAR Á KJARASAMNINGUM

Í apríl s.l. lauk samningaviðræðum milli Samiðnar – sambands iðnfélaga og Samtaka atvinnulífsins með undirritun nýs kjarasamnings. Samningurinn tók gildi 26. apríl.

Í honum er gildandi aðalsamningur að mestu leyti framlengdur en nokkur ný ákvæði bætast við og önnur falla úr gildi. Hér verður farið yfir helstu breytingar en nánari upplýsingar um samningana í heild sinni er að finna á heimasíðu félagsins, www.fit.rl.is og www.samidn.is.

Launahækkanir á samningstímabilinu

Laun og aðrir kjaratengdir liðir hækka sem hér segir:

26.apr.04	1.jan.05
3,25%	3%
1.jan.06	1.jan.07
2,50%	2,25%

Lágmarks launataxtar hafa hækkað verulega og með því er komið í veg fyrir að hægt sé að ráða innlenda sem og erlenda starfsmenn á þeim launum sem voru í eldri kauphöfðum.

Fæðingarorlof og mæðraskoðun

Tvö ný ákvæði eru í samningum um fæðingarorlof og mæðraskoðun. Kona sem þarf af öryggisástæðum að leggja niður störf á meðgöngutímanum heldur áfram að ávinna sér tilskilin réttindi (sbr. reglugerð nr. 931/2000). Barnshafandi konur eiga rétt til nauðsynlegra fjarvista frá vinnu vegna mæðraskoðunar án frádráttar á föstum launum þurfi slík skoðun að fara fram í vinnutíma.

Slysatryggingar endurskoðaðar

Endurskoðað á slysatryggingakafli kjarasamningsins með það að markmiði að bæta réttarvernd launamanna.

Fimmtudagsfrídagar

Heimilt er að semja svo um á vinnustað að samningsbundið frí vegna uppstigningardags og sumardagsins fyrsta, sé flutt á annan virkan dag.

Uppsögn yfirvinnu

Hafi yfirvinna staðið yfir lengur en í tvo mánuði er hægt að segja henni upp með tveggja vikna fyrirvara. **Starfssvæði málmiðnaðarmanna á höfuðborgarsvæðinu**

Á höfuðborgarsvæðinu eru tvö starfssvæði.

Hækkað framlag í lífeyrissjóð

Frá 1.jan. 2005 hækkar framlag atvinnurekanda í samtryggingarlífeyrissjóð úr 6 í 7%.

Ráðningarsamningar

Starfsmaður ráðinn til lengri tíma en eins mánaðar skal eigi síðar en tveim mánuðum eftir að starf hefst gerður ráðningarsamningur eða ráðning staðfest skriflega.

Störf erlendis

Starfsmaður skal fá skriflega staðfestingu ráðningar fyrir brottför. Þar skal m.a. koma fram áætlaður starfstími erlendis.

Veikindi í orlofi

Bandaríkjum, Kanada og Sviss hefur verið bætt inn í ákvæðið um veikindi í orlofi erlendis.

Flokkstjórar

Sveinar sem sérstaklega eru ráðnir til að hafa á hendi flokkstjórn og ganga jafnframt til almennra starfa skulu fá greitt sérstaklega fyrir stjórnunarlega ábyrgð.

Verkstjórar

Sveini sem falin er verkstjórn skal fá greitt sérstaklega fyrir stjórnunarlega ábyrgð.

Vanræktar vinnustundir

Aðeins má fresta greiðslu yfirvinnu í hámark tvo tíma.

Prósentulaunakerfi hársnyrtisveina

Nýtt ákvæði um hársnyrtisveina sem starfa í prósentulaunakerfi.

Nýr kauptaxti fyrir nema í hársnyrtigreinum

Í fyrsta sinn var samið um laun hársnyrtisveina.



Fréttabréf

Félag iðn- og tæknigreina
Borgartúni 30 - Sími 535 6000
Ábm. Hilmar Harðarson.

2. tbl. 2. árg. október 2004

Hönnun og prentun:

Stafræna hugmyndasmiðjan - www.smidjan.is

BRIDGE Í VETUR

Iðnfélögin í Borgartúni 30 standa fyrir bridge í vetur líkt og undanfarin ár. Vertíðin verður með hefðbundnum hætti og hefst fimmtudaginn 30. september n.k. kl. 19:30.

Spilað verður annan hvern fimmtudag í húsnæði félaganna að Borgartúni 30 6. hæð og er keppnisgjaldið kr. 250 fyrir hvert kvöld. Áhugasamir bridge-spilarar eru hvattir til að koma og sýna snilli sína í góðum félagsskap.

F.h. Bridge nefndar, Snorri Eiríksson

ORLOFSHÚS Í ÚTHLÍÐ BISKUPSTUNGUM



Húsið er um 60 fermetrar að stærð. Rúmstæði eru fyrir 8 manns í þremur herbergjum. Tvíbreitt rúm er í einu herbergi, tvær kojur í öðru og tvíbreið koja og einbreitt rúm í því þriðja. Hornsófi er í stofunni og barnarúm. Þvottavél, uppþvottavél, örbylgjuofn, bakaraofn, gasgrill, sjónvarp og myndbandstæki er í húsinu. Á veröndinni er heitur pottur.

Í Úthlíð er að finna ýmskonar þjónustu, þar er m.a. sundlaug, verslun, tjaldsvæði, veitingasala, hestaleiga og golfvöllur. Í Biskupstungum er að finna náttúruperlur og sögufræga staði. Þar eru þekktastir Gullfoss, Geysir, Haukadalur og Skálholt.

Ýmislegt er hægt að finna sér til dægrarstyttingar í Biskupstungunum, ef áhugi er á veiði, þá er t.d. hægt að veiða í Brúará og Tungufljóti. Nánari upplýsingar um veiðina er hægt að finna á veiðivefnum, www.agn.is. Fyrir þá sem vilja fjör og ævintýri bendum við á að hafa samband við Íslenskar ævintýraferðir, en þeir bjóða meðal annars upp á gúmmíbátasiglingar á Hvítá og ferðir á Langjökul frá Geysi.

Einnig er stutt að fara á Flúðir og á Laugarvatn en þar er að finna margskonar þjónustu fyrir ferðamenn. Í Slakka, Laugarási er skemmtilegur húsdýragarður með leikækjum fyrir börnin.

Nánari upplýsingar um sveitina og nágrenni hennar er að finna á vefnum, www.icefire.is.



Á AÐ FARA TIL SPÁNAR Í VETUR?




Félagsmönnum stendur nú til boða að leigja orlofsíbúð í Torrevieja á Spáni í vetur. Hægt er að leigja eina eða tvær vikur í senn. Leiga á orlofshúsi á Spáni verður í vetur kr. 25.000 fyrir 1 viku, kr. 40.000 fyrir 2 vikur og kr. 60.000 fyrir þrjár vikur. Íbúðin er með tveimur svefnherbergjum, salerni, eldhúsi, stofu og svölum. Svefnaðstaða er fyrir sex manns, hjónarúm, tvö stök rúm og svefnsófi í stofu. Í íbúðinni er allur búnaður í eldhúsi, þvottavél, sjónvarp, straujárn og fleira.

Íbúðin er staðsett á besta stað í bænum, stutt er í alla þjónustu og ýmislegt hægt að gera sér til afþreyingar í nágrenninu. Sumarferðir bjóða upp á beint flug til Alicante til 9. nóvember og bendum við á að haft sé samband við þau til að fá nánari upplýsingar. Akstur til Torrevieja frá Alicante tekur um 30 mín. Annar möguleiki er að fljúga til London og þaðan til Alicante en sá möguleiki er til staðar allt árið.

Vetrarleiga orlofshúsa okkar hér heima byrjar í september. Almenn ánægja hefur verið með húsin í sumar og vonumst við til að svo verði áfram. Við minnum á að ef félagsmaður tekur hús á leigu fyrir annan ber félagsmaðurinn ábyrgð á því hvernig gengið er um húsið. Engin vandamál hafa komið upp varðandi þetta hjá félaginu enda hefur verið mjög vel gengið um húsin.

Á heimasíðu okkar, www.fit.rl.is, er að finna nánari upplýsingar um húsin og umsóknareyðublöð en einnig er hægt að hafa samband í s: 535 6000 og athuga hvað er laust hverju sinni.



HELDRI MANNAFERÐ

raddaður söngur og altarisgöngur



Hin árlega heldrimannaferð var farin laugardaginn 19. september. Þátttakan var mjög góð og fóru um 50 manns með í ferðina. Leiðsögumaður og tónlistarstjóri var Finnbogi Eyjólfsson síungur og hress að vanda. Lagt var af stað frá Borgartúninu kl. 10 um morguninn og farið sem leið lá að Nesjavöllum. Virkjunin skoðuð undir styrkri stjórn ungrar konu sem vissi nánast allt um virkjunina. Þaðan var farið að Laugarvatnshelli og hann skoðaður. Þar var hin fyrri altarisganga tekin í blíðskaparveðri.

Á Laugardalsvöllum komum við að bílaðri rútu og fékk einn danskur farþegi far með okkur að Hótel Geysi. Finnbogi var fljótur að skipta yfir í dönskuna, og deilt var um hvort menn skyldu tale eða snakke dansk. Á Hótel Geysi var tekið á móti okkur á tröppunum með glamúr og drykk. Á hótelinu var framreidd dýrindis lambasteik af Heiðari kokki og hans starfsfólki. Eftir tónlistaræfingar með nikku og raddböndum var ferðinni haldið áfram yfir í Hrunamannahrepp, Gnúpverjahrepp og Skeiðahrepp. Áð var við Skeiðaréttir, þar var handverk réttanna skoðað og síðari altarisgangen tekin. Eftir það var lagt af stað heim með viðkomu á Selfossi þar sem boðið var upp á miðdagskaffi. Nú var söngurinn orðinn raddaður og talað um stofnun tónlistarfélags, allir orðnir léttir og ánægðir eftir velheppnaða ferð og ákveðnir í að mæta að ári.



SÉREIGNARSPARNAÐUR ER HAGSTÆÐASTA SPARNAÐARLEIÐIN SEM BÝÐST

Einstaklingar geta aukið lífeyrisrétt sinn með sér- eignarsparnaði. Með því að leggja 2-4% launa sinna í séreignarsparnað á launþegi rétt á 2% mótframlagi frá launagreiðanda. Þannig leggja launþegar ekki aðeins fyrir sína eigin fjármuni heldur fá þeir einnig viðbót frá launagreiðendum. Þessir fjármunir eru bundnir til 60 ára aldurs og hvorki innistæðan né vaxtatekjur eru skattlagðar fyrr en við útborgun. Framlag einstaklingsins til séreignarsjóðs er frá- dráttarbært við staðgreiðslu skatta og allt framlag vinnuveitanda er frádráttarbært í rekstri hans. Séreignarsparnaður byggist ekki á hugmyndum um tryggingarvernd heldur sparnaði þess sem greiðir til deildarinnar. 1% skylduframlag launagreiðenda í séreignarsjóði fellur niður 1. janúar 2005 og því er reglulegur sparnaður eina leiðin til að fá aukaframlag frá atvinnurekanda þínum.

Aldursleið – hentar flestum

Í aldursleið Sameinaða lífeyrissjóðsins er inneign ávöxtuð í verðbréfasafni sem tekur mið af aldri. Inneignin flyst svo sjálfkrafa á milli leiða eftir aldri einstaklingsins. Áhættudreifing er innbyggð þar sem

hlutfall hlutabréfa lækkar með aldrinum en hlutfall skuldabréfa vex að sama skapi. Verðbréfasafn með háu hlutfalli hlutabréfa hentar vel fyrir ungt fólk því iðgjöld þeirra eiga eftir að ávaxtast í langan tíma.

Skuldabréfaleið

– fyrir þá sem velja jafna ávöxtun

Sameinaði lífeyrissjóðurinn býður upp á skuldabréfa- leið þar sem fjárfest er að fullu í innlendum, verð- tryggðum skuldabréfum sem bera fasta vexti. Þessi leið hentar þeim vel sem vilja verðtryggja sparnaðinn og taka litla sem enga áhættu. Sveiflur í ávöxtun eru litlar í skuldabréfaleiðinni.

Nú þegar 1% iðgjald í séreign fellur inn í almennan lífeyrissparnað verða launþegar af 2% umsömdum kjarabótum ef þeir ákveða að nýta sér ekki sér- eignarsparnað. Reiknivélin á www.lifeyrir.is gerir öllum kleift að reikna séreignarsparnað út frá sínum forsendum.

Allar nánari upplýsingar á vefsíðu okkar, www.lifeyrir.is, eða í síma 510 5000.

SAMEINING FÉLAGA

Sveinafélag málmiðnaðarmanna á Akranesi hefur nú sameinast Félagi iðn- og tæknigreina. Segja má að aðdragandinn hafi ekki verið langur því að í febrúar s.l. kom varaformaður Sveinafélagsins fram með þessa hugmynd og síðan var unnið að henni og sameiningu lokið 1.ágúst s.l.

Fráfarandi formaður Sveinafélagsins, Hermann Guð- mundsson segir miklu hafa skipt hversu afgerandi kosningaúrslit um sameininguna urðu í félaginu, en 79% gildra atkvæða samþykktu sameininguna. Kos- ningaþátttaka hefði þó mátt vera meiri en hún var tæp 60%. „Ég held að flestir hafi horft til stærðar- innar og þess aukna krafts sem vænta má af henni, ekki síst í samningum við stóriðjuna“ segir Hermann. „Við vitum að stærðin skiptir máli og svo kemur líka inn þekking af öðrum samningum. Ég veit að Hilmar formaður Fit er slunginn samningamaður og það veitir ekki af í komandi stóriðjusamningum, þeir verða erfiðir“.

Annað sem Hermann nefnir er það öryggi sem félags- menn öðlast að geta fengið nærri 80% af greiddum

launum ef þeir fara inná dagpeningagreiðslur í veikindum. „Það getur verið gríðarlega erfitt fyrir fólk sem lendir í langvarandi veikindum að ná endum saman og því mikið fjárhagslegt öryggi fyrir félags- menn að vita að þeir eiga rétt á 80% af þeim tekjum sem þeir hafa undanfarið greitt af í sjúkrasjóð að frádregnum bótum frá Tryggingastofnun. Þetta er töluvert meira en greitt var í Sveinafélaginu en á móti kemur þó að menn eru að glata rétti til endurgreiðslu á sérfræðikostnaði. Það verður ekki bæði sleppt og haldið, vonandi verður sjúkrasjóður það öflugur innan tíðar að hann geti greitt sérfræðikostnað líka. Félagsmenn geta líka sótt um aðstoð í sérstökum tilfellum og er það þá skoðað og tekið mið af stöðu hvers félaga fyrir sig.

Í þriðja lagi eru svo orlofshúsamálin. Þar eru miklu fleiri valkostir í boði og hægt að sækja um víða á landinu. Auk þess er boðið uppá íbúð á Spáni. Væntingarnar eru þó mestar við að ná kaupinu upp til jafns við höfuðborgarsvæðið og að verksmiðjurnar haldi í við álverið í Straumsvík.

„ÁBATI FYRIR BÁÐA AÐILA, AUKIN AFKÖST OG BETRA KAUP“

- viðtal við Hilmar Harðarson formann FIT

Það er spennandi, skemmtilegt og gefandi að fá að takast á við verkefni eins og sameiningu iðnfélaga í Félag iðn- og tæknigreina (FIT), segir Hilmar Harðarson formaður FIT. „Það kom strax í ljós að stjórnin er samhent en það skiptir höfuðmáli þegar tekist er á við erfið verkefni“.

Kjarasamningar

Strax eftir sameiningu félaganna fimm hófst undirbúningur og gerð kjarasamninga. Sú stefna var tekin hjá FIT að Hilmar færi í alla samningahópa á vegum Samiðnar og fékk hann aðstoð frá félagsmönnum og trúnaðarmönnum í viðkomandi greinum. Tilgangurinn með þessu var að kynnast öllum samningum greinanna sem FIT er aðili að og einnig því fólki sem kom frá atvinnurekendum. Hilmar segir að gerð flestra samninga hafi lokið í sumar þó séu enn nokkrir eftir.

„Ég verð að segja alveg eins og er að á meðan við vorum að ljúka samningum þá hófust viðræður við SMA (Sveinafélag málmíðnaðarmanna á Akranesi) um sameiningu, þetta var frekar mikið og plön stjórnarinnar riðluðust nokkuð en þetta hefur verið góður tími“ segir Hilmar.

Sameining við SMA

1. ágúst gekk sameining SMA og FIT endanlega í höfn. Heldurðu að menn séu sáttir við allar þessar breytingar?

„Ég heyri ekki annað og tel að þetta gangi vonum framar. Félagsmenn eru að fá val um yfir 20 orlofshús, 80 % af launum í veikindum og við reynum að þjónusta alla á sem skemmstum tíma. Heimsóknir á heimasíðuna eru líka mun fleiri en við héldum sem segir til um áhugann. Heimasíðan er í stöðugri endurnýjun“ svarar Hilmar.

Þetta hlýtur að vera mikið álag á þig og stjórnina?

„Ég þrífst mjög vel við mikla vinnu og í samskiptum við fólk og stjórnin hefur staðið heil að baki mér“.

Vinnustaðasamningar

Á þessum tíma hafa einnig verið gerðir vinnustaðasamningar, um hvað snúast þeir?

„Þeir snúast um ábata fyrir báða aðila, betri framleiðni, aukin afköst og hærra kaup. Það þarf að vera hagur beggja“.

FIT hefur gengið vel að gera vinnustaðasamninga og veitt alla þá aðstoð við gerð slíkra samninga sem að gagni kemur til hvers og eins sem að slíkum samningum standa. Hilmar kemur beint að þeim samningum með einum eða öðrum hætti.

Hilmar telur einnig mjög mikilvægt að vera í góðu



sambandi við félagana og stjórnendur fyrirtækjanna sem þeir starfa hjá. „Í þessari orrahríð hafa vinnustaðaheimsóknir ekki orðið eins margar og ég vildi en það stendur vonandi til bóta“, segir Hilmar.

Hvað er framundan?

„Nú þegar eru að fara af stað stóriðjusamningar, Sementsverksmiðjan, Járnblandið og Álverið í Hvalfirði og Straumsvík“, segir Hilmar. Að lokum segir Hilmar að hornsteinar félagsins séu faggreinahóparnir. Þar erum við að þróa og móta starfið og gera það enn öflugra. Faglega starfið er undirstaða að áhugaverðu námi sem skilar sér í betri kjörum.

-HÆ

**Stöndum vörð um
réttindi okkar!**



AUKIÐ SAMSTARF FRÆÐSLUAÐILA

Þann 12. febrúar s.l. var undirritað samkomulag milli Samtaka iðnaðarins, Samiðnar, sambands iðnfélaga og Félags bókagerðarmanna um að fela stjórnun Fræðslumiðstöðvar málmiðnaðarins ehf. (FM), Menntafélags byggingariðnaðarins ehf. (MFB) og Prenttæknistofnunar (PTS) að vinna að auknu samstarfi þessara fræðslumiðstöðva innan þess ramma sem felst í sjálfstæði þeirra.

Þann 14. apríl 2004 var gerður viðauki við þennan samning milli SI og SAF annars vegar og Matvís um aðkomu Fræðsluráðs hótél- og matvælagreina að þessu samstarfi. Framkvæmdastjórar fræðslumiðstöðvanna mynduðu verkefnisstjórn og var þeim falið að vinna að tillögugerð sem miðast við að ná þeim markmiðum sem sett voru fram í samningnum. Þá var ráðinn verkefnastjóri frá KPMG, Jón Garðar Hreiðarsson, sem leiddi vinnu við verkefnið.

Í maí sl. var skýrsla framkvæmdastjóranna lögð fram með tillögum um aukið samstarf.

Þegar þetta er skrifað er unnið að yfirfærslu verkefna frá fræðsluaðilum til sameiginlegs þjónustuværs. Þetta eru brýn verkefni sem þegar eru unnin með einum eða öðrum hætti hjá fræðslumiðstöðvunum. Meðal verkefna er sameiginleg móttaka á Hallveigarstíg og símaþjónusta, netþjónn með sameiginlegum grunni, skráning o.fl. vegna námskeiða og gerð námsamninga iðnnema. Sameignarfélag fræðslumiðstöðva hefur verið stofnað um rekstur þjónustuværsins og þrír starfsmenn ráðnir til að sinna verkefnum þess.

Þess er vænst með þessum breytingum að þjónusta við viðskiptavinum fræðslumiðstöðvanna þ.e. fyrirtæki og starfsmenn iðnaði, iðnnema o.fl. verði meiri og betri en þegar er.

SPURT OG SVARAÐ

Nokkrir trúnaðarmenn á félagssvæðinu á Akranesi voru spurðir:

Hvað finnst þér um sameiningu Sveinafélags málmiðnaðarmanna og Félags iðn- og tæknigreina?



Arinbjörn Axel Georgsson, varam. í trúnaðarráði FIT: Ég tel þetta mikið heillaspor fyrir félögin og vænti mikils af sameiningunni.

Unnar Sigurðsson, trúnaðarmaður hjá Þorgeir & Ellert hf.:

Ekkert nema gott um hana að segja. Við erum sterkari og væntum mikils af sameiningunni



Bjarni Gunnarsson, trúnaðarmaður hjá Íslenska járnblendifélaginu hf.:

Hið besta mál Allt gott um það að segja. Við erum sterkari saman og því sterkari í kjarabaráttunni í framtíðinni.

Ægir Magnússon, trúnaðarmaður hjá Skaganum hf.: Þetta er hið besta mál. Þetta er framtíðin, engin spurning. Iðnfélögin eiga eftir að þjappa sér í færri og öflugri félög.



SLOPPAR AFHENTIR Í FJÖLBRAUTASKÓLA SUÐURLANDS



Félag iðn – og tæknigreina (FIT) og Meistarafélag Suðurlands gáfu sloppa í Fjölbautaskóla Suðurlands (FSU) föstudaginn 24. september. Hilmar Harðarson afhenti sloppana ásamt Sveini Pálssyni, formanni Meistarafélags Suðurlands. Árni Erlingsson fagstjóri tók við sloppunum fyrir hönd FSU. Einnig voru viðstaddir afhendinguna Eyvindur Bjarnason sviðsstjóri, Kristján Þórðarson kennari, Svanur Ingvarsson kennari og Ármann Ægir Magnússon, stjórnarmaður í FIT. Slopparnir eru merktir FIT, Meistarafélagi Suðurlands og FSU. Megintilgangurinn með þessari gjöf er að kenna nemendum mikilvægi þess að nota réttan hlífðarfatnað við vinnu sína til að auka öryggi þeirra.